

Öldrunarráð Íslands

Ársskýrsla

Starfsárið 2012-2013



INNGANGUR AÐ ÁRSSKÝRSLU

Rétt eins og í fyrra hefur stjórn Öldrunarráðs Íslands ákveðið að endurvekja þann góða sið að gefa út formlega árskýrslu eftir hvert starfsár.

Fjallað er um helstu þætti í starfinu á árinu 2012-2013 sem vonandi gefa lesendum góða innsýn í starf Öldrunarráðs Íslands. Til frekari upplýsinga skal bent á heimasiðu Öldrunarráðs, oldrunarrad.is

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka stjórnarmönnum, félagsaðilum og öðrum sem tekið hafa þátt í starfi Öldrunarráðs, fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á starfsárinu 2012-2013.

Pétur Magnússon,
formaður Öldurnarráðs Íslands

AÐALFUNDUR ÖLDRUNARRÁÐS ÍSLANDS 2013

Miðvikudaginn 22. maí 2013

KI 14:00

Landakotsspítali - fundarherbergi á 6. hæð

Dagskrá:

1. Ávarp velferðarráðherra (óstaðfest)
2. Hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum ráðsins
3. Afhending viðurkenningar Öldrunarráðs fyrir störf að málefnum aldraðra
4. Önnur mál

5. Erindi frá gestum fundarins:

Árni Gunnarsson formaður starfshóps velferðarráðuneytis um endurskoðun almannatryggingalaga, segir frá nýju frumvarpi um almannatryggingar sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Berglind Magnúsdóttir, varaformaður Öldrunarráðs greinir frá helstu niðurstöðum Framtíðarþings um farsæla öldrun sem fram fór í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 7. mars s.l.

Kaffiveitingar



Öldrunarráð Íslands

DAS Hrafnista, Laugarási, 104 Reykjavík

Sími: 585 9502 ■ margret.gudmundsdottir@hrafnista.is

STJÓRN ÖLDRUNARRÁÐS ÍSLANDS 2012-2013

Pétur Magnússon

petur.magnusson@hrafnista.is
GSM: 841 1600
Vinnusími: 585 9500

Berglind Magnúsdóttir

berglind.magnusdottir@reykjavik.is
GSM: 822 3175
Vinnusími: 411 9600

Helgi K. Hjálmsdóttir

helgihj@centrum.is
GSM: 892 4802
Heimasími: 565 6968

Aðalbjörg Traustadóttir

adalbjorg.traustadottir@reykjavik.is
GSM: 664 7760
Vinnusími: 411 1500

Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir

gudlaugjona@arborg.is
GSM: 898 5492
Vinnusími: 480 1900

Ingibjörg Pórisdóttir

ingibjorg.halla.thorisdottir@reykjavik.is
GSM: 822 3176/893 5135
Vinnusími: 411 9600

Jón H. Magnússon

jonh@sa.is
GSM: 821 0018
Vinnusími: 591 0000

Linda Baldursdóttir

linda@hlif.is
GSM: 898 5307
Vinnusími: 510 0802

Ragnhildur G. Hjartardóttir

ragnhildur.hjartardottir@mork.is
GSM:
Vinnusími: 560 1703

Margrét Guðmundsdóttir

margret.gudmundsdottir@hrafnista.is

formaður

frá Sjómannadagsráði
Hrafnista
Laugarási, 104 Reykjavík

varaformaður

frá Sálfræðingafélagi Íslands
Heimaþjónusta Reykjavíkur - heimahjúkrun
Álfabakka 16, 109 Reykjavík

gjaldkeri

frá Landssambandi eldri borgara
Heimilisfang:
Smáraflöt 24, 210 Garðabæ

ritari

frá Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis
Síðumúli 39, 108 Reykjavík

meðstjórnandi

frá Sveitarfélagini Árborg
Sveitarfélagið Árborg - Fjölskyldumiðstöð
Grænumörk 5, 800 Selfoss

meðstjórnandi

frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga
Heimaþjónusta Reykjavíkur
Álfabakka 16, 112 Reykjavík

meðstjórnandi

frá Samtökum atvinnulífsins
Samtök atvinnulífsins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík

meðstjórnandi

frá Alþýðusambandi Íslands
Verkalýðsfélagið Hlíf
Reykjarvíkurvegi 64, 220 Hafnarfjörður

meðstjórnandi

frá Hjúkrunarheimilinu Mörk
Mörk Hjúkrunarheimili
Suðurlandsbraut 66, 108 Reykjavík

starfsmaður Öldrunarráðs Íslands

Sími: 585 9502

Aðildarfélög Öldrunarráðs Íslands 2012-2013

Akureyrarkaupstaður	Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili	Sálfræðingafélag Íslands
Alþýðusamband Íslands	Hafnafjarðarkaupstaður	Sjómannadagsráð/Hrafnista
Bandalag kvenna í Reykjavík	Iðjupjálfafélag Íslands	Skjól, hjúkrunarheimili
Biskupsstofa	Kópavogsbær	Sunnuhlíð,
Blindrafélagið	Kvenfélagasamband Íslands	hjúkrunarheimili
Bændasamtök Íslands	Landsamband eldri borgara	Sveitarfélagið Árborg
Dvalarheimilið Ás	Landssamtök lífeyrissjóða	Sveitarfélagið Skagafjörður
Félag aðstandenda	Mörk, hjúkrunarheimili	Tryggingastofnun ríkisins
Alzheimersjúkra (FAAS)	Rauði Kross Íslands	Velferðarsvið
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	Samband íslenskra sveitarfélaga	Reykjavíkurborgar
Félag stjórnenda í öldrunarþjónustu	Samtök atvinnulífsins	Öldrunarfræðafélag Íslands
Garðabær	Samtök starfsmanna fjármálfyrirtækja	Öryrkjabandalag Íslands

HELSTU ATRIÐI ÚR STARFI ÖLDRUNARRÁÐS 2012

Viðurkenning Öldrunarráðs Íslands til Ingibjargar Hjaltadóttur

Á aðalfundi Öldrunarráð Íslands vorið 2012, veitt ráði dr Ingibjörgu Hjaltadóttur hjúkrunarfræðingi viðurkenningu fyrir einstakt framlag í þágu aldraðra. Ingibjörg hefur unnið að rannsóknum á sviði öldrunarhjúkrunar og þverfaglegum rannsóknum á sviði öldrunarfræða og auk þess tekið þátt í starfi stýrinefndar um rannsóknir á mælitækjum RAI-staðla á vegum heilbrigðisráðuneytisins (nú velferðarráðuneyti) frá árinu 1993.

Í rannsóknum sínum hefur Ingibjörg m.a. skoðað lífsgæði aldraðra á hjúkrunarheimilum, mönnunarmódöl í öldrunarhjúkrun, gæði í öldrunarhjúkrun, næringarástand aldraðara á sjúkrahúsi og meðferð með aðstoð dýra. Ingibjörg hefur tekið þátt í rannsóknum á RAI-mælitækjum (Resident Assessment Instrument) sem notaðir eru á hjúkrunarheimilum, öldrunarlækningadeildum, í líknarþjónustu og heimaþjónustu. Einnig hefur hún tekið þátt í norrænu rannsóknarsamstarfi með notkun þessara mælitækja. Rannsóknir Ingibjargar hafa margar vakið tölverða athygli og fengið mikla umfjöllun í fjölmödlum. Ingibjörg lauk BS prófi í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands 1983 og MS prófi frá Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands árið 2001. Hún stundaði doktorsnám við heilbrigðisvínsindadeild læknadeilda Háskólangs í Lundi og varði þar doktorsverkefni sitt 27. janúar 2012. Doktorsverkefnið heitir Gæði umönnunar, þróun á heilsufari, færni og lifun á íslenskum hjúkrunarheimilum á árunum 1996-2009. Ingibjörg hefur lengst af starfað á Landspítalanum en var lektor við Hjúkrunarfræðideild HÍ frá 2003 til 2010. Hún starfar nú á lyflækningasviði Landspítala auk þess að sinna ýmsum sérverkefnum, meðal annars fyrir landlæknisembættið.



Viðurkenning Öldrunarráðs

Árlega veitir Öldrunarráð Íslands sérstaka viðurkenningu til einstaklings, stofnunar eða félagasamtaka sem þykja hafa unnið einstakt starf tengt málefnum aldraðra. Auglýst er eftir tilnefningum í fjöldum og er öllum heimilt að senda inn tilnefningar. Að þessu sinni vor hátt í 10 aðilar tilnefndir, þar af sumir sem fengur fleiri en ein og fleiri en tvær tilnefningar. Eftir að hafa fjallað um tilnefningarnar, sem margar voru mjög áhugaverðar og komu sannarlega til greina, komst stjórn Öldrunarráðs Íslands að niðurstöðu.

Fundir stjórnar og lagabreytingar

Líkt og undanfarin tvö starfsár ákvað stjórnin að hefja veturninn á því að halda stefnumótunarfund og var hann haldinn í Skálholti að þessu sinni. Þar er friður og ró og áttu þátttakendur þar góðan tíma til að ræða málin.

- Markmið og hlutverk skoðuð og rædd
- Fróðlegar umræður – mjög ólík sjónarhorn
- Hvernig á að haga starfinu til að uppfylla sem best hvert markmið fyrir sig?
- Skipulagning helstu þátta starfsársins

Auk stefnumótunarfundar, fundaði stjórn Öldrunarráðs alls 8 sinnum á starfsárinu. Ýmsir góðir gestir heimsóttu fundi ráðsins og ar

Nýtt aðildarfélag

Gaman er að segja frá því að á starfsárinu gekk eitt nýtt aðildarfélag í Öldrunarráð Íslands. Það er Iðjupjálfafélag Íslands og eru þau boðin hjartanlega velkomin í Öldrunaráðið.

Styrkir Rannsóknasjóðs Öldrunarráðs

Þann 1. nóvember 2012 veitti stjórn Öldrunarráðs Íslands two rannsóknarstyrki úr styrktarsjóði ráðsins vegna rannsókna í öldrunarmálum. Öldrunarráð veitir árlega styrki til rannsókna í málaflokknum og fór afhending þeirra fram við hátiðlega athöfn á Hrafnistu í Reykjavík.

Unnar Þormóðsdóttir, hjúkrunarstjóri á heilsugæslustöð Selfoss og meistaraneimi í heilbrigðisvísendum við Háskólanum á Akureyri, hlaut styrk að upphæð 300 þúsund krónur í tengslum við meistararannsókn sína, sem snýr að mati á gæðum þjónustu heimahjúkrunar á heilsugæslustöðinni á Selfossi. Markmið rannsóknarinnar er að meta hvort fræðsla til starfsfólks heimahjúkrunar skili sér í bættri og markvissari þjónustu við skjólstæðinga.

Dr. Erla S. Grétarsdóttir, sálfræðingur á Geðsviði LSH, hlaut styrk að upphæð 100 þúsund krónur í tengslum við rannsókn á upplifun einstaklinga sem greinst hafa með Alzheimers sjúkdóminn. Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á aðstæður ný-greindra Alzheimers sjúklinga út frá þeirra eigin reynslu og upplifun, en eldri rannsóknir hafa jafnan byggt á mati aðstandenda og fagaðila. Reyndar verða nýstárlegar mæliaðferðir notaðar til þess að leggja mat á færni sjúklinga og líðan þeirra frá ýmsum sjónarhornum.

Um Rannsóknasjóð Öldrunarráðs Íslands

Sjóðurinn hefur verið starfræktur um langt skeið en aðalhvatamaður að stofnun hans var Gísli heitinn Sigurbjörnsson, forstjóri hjúkrunarheimilisins Grundar. Rannsóknasjóðurinn hefur það hlutverk að styðja við bakið á rannsóknum í öldrunarmálum á Íslandi auk sérstakra verkefna annarra í málaflokknum, sem stjórn sjóðsins metur til þess fallin hverju sinni.

Framtíðarþing um farsæla öldrun

Eitt viðamesta verkefni sem Öldrunarráð hefur komið að síðari árum, fór fram þann 7. mars síðast liðinn en þá var haldið *Framtíðarþing um farsæla öldrun* í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Þingið var samstarfsverkefni Öldrunarráðs Íslands, Landsambands eldri borgara, Öldrunarfðafélags Íslands, Velferðarráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Fagdeildar öldrunarhjúkrunarfræðinga, Félags sjúkrabjálfa Íslands og Iðjuþjálfafélags Íslands. Aðdragandi fundarins var Evrópuár um virkni aldraðra og samstöðu kynslóðanna árið 2012 hjá Evrópusambandinu en í kjölfarið ákvað Stjórn öldrunarráðs að stefna til þingsins með eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

- Að vekja jákvæða athygli á öldruðum, stöðu þeirra og hvernig þeir líta sín mál til framtíðar.
- Að skapa umræðu um öldrunarmál, væntingar og viðhorf til efri áranna.
- Að skapa vettvang fyrir þá sem koma að öldrunarmálum á Íslandi og koma af stað heilbrigðri og skynsamlegri umræða um þessa kynslóð.
- Að kynna samfélagini Öldrunarráð sem og aðra samstarfsaðila sem að fundinum koma;
- Að skapa leiðbeiningar til stjórnvalda.

Fundarfyrirkomulag byggði á sömu hugmyndafræði og notuð var á þjóðfundi 2009 og 2010. Unnið var á sextán 8-9 manna borðum og á hverju borði var sérþjálfaður borðstjóri en hans hlutverk var að sjá til þess að allir við borðið fengju jöfn tækifæri til að tjá sig og að tryggja virka hlustun þannig að öll sjónarmið kaemust að.

Þátttakendur voru 126 talsins úr eftirfarandi meginhópum:

- Aldurshópurinn 75 ára og eldri
- Aldurshópurinn 55-75 ára
- Aldurshópurinn 55 og yngri
- Starfsfólk sem tengist öldrunarmálum
Hóparnir voru blandaðir þannig að á hverju borði voru þátttakendur í mismunandi aldurshópum auk starfsfólki sem tengist öldrunarmálum.

Miklar og stórskemmtilegar umræður voru á þinginu þar sem margt fróðlegt kom fram.

Spurningarnar sem fundarmenn glímdu við voru eftirfarandi:

1. Hvað er það besta við að eldast?
2. Hvaða væntingar hefur samfélagið til aldraðra? / Hvaða væntingar hafa aldraðir til samfélagsins?
3. Hvað er farsæl öldrun?
4. Hvernig stuðlum við að farsælli öldrun?

Þessa dagana er verið að ljúka við að vinna úr niðurstöðum og væru þær einar og sér efni í nokkrar greinar. Gerð verður skýrla með niðurstöðum sem dreift verður víða, meðal annars til þingmanna. Einnig verða skrifaðar smærri greinar um niðurstöður og kynningarfundir haldnir. Undirbúningsnefnd hefur lagt mikla áherslu á að fylgja málum vel eftir næstu misserin.

Sem dæmi um niðurstöður má nefna fyrstu spurninguna um hvað sé það besta við að aldast. Segja má að rauði þráðurinn í svörum þátttakenda þar sé frelsið til að ráða tíma sínum og sinna betur öllu því sem hefur mögulega setið á hakanum. Einnig þroskinn og víðsýnin sem kemur með lífsreynslunni og tækifæri til að gefa af sér og miðla lífinu til yngri kynslóða. Það sem er oftast nefnt er gæðastundir með fjölskyldu og vinum. Þá er mikilvægt að mati fundarmanna að hlakka til morgundagsins og horfa björtum augum á árin framundan.

Undirbúningsnefnd vill þakka þátttakendum á þinginu fyrir sitt framlag sem vonandi verður haft til hliðsjónar þegar ákvarðanir verða teknar varðandi framtíð öldrunarmála þjóðarinnar.



*Páttakendur óskast
– viltu vera með?*

FARSÆL ÖLDRUN

Framtíðarþing um farsæla öldrun

MARKMIÐ ÞINGSINS:

- » Skapa umræðu meðal áhugasamra um öldrunarmál, væntingar og viðhorf til efri áranna.
- » Vekja jákvæða athygli á eldri borgurum, stöðu þeirra og hvernig þeir lita á mál sín til framtíðar.

Óskað er eftir páttakendum úr eftirfarandi hópum:

- » 75 ára og eldri
- » 55-75 ára
- » 55 ára og yngri
- » Starfsfólk sem tengist öldrunarmálum

Tilkynnið þátttöku:

Áhugasamir vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið framtidarthing@gmail.com eða í síma 693 9508 eigi síðar en 25. febrúar nk. Taka þarf fram nafn, kennitölu og síma.

Pátttaka er öllum heimil og án endurgjalds.*
Boðið verður upp á veitingar.

RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR

Tjarnarsalur

7. mars 2013 kl. 16:30-20:30



FS
Félag Sjúkrabjálfara

Öldrunarfélag
Íslands



MIÐLUNAR
TALSKÝRSLA
VÉLFRÉTTIR



Öldrunarráð Íslands



VELFERDARRÁÐUNEYTIR

*Allir páttakendur eru sjálfbóðalíðar og þurfa sjálfir að standa straum af eigin ferðakostnaði.

Málþing um geðheilsu eldri borgara

Þann 12. apríl s.l. var haldið spennandi málþing um geðheilsu eldri borgara. Málþingið var samvinnuverkefni Öldrunarráðs, Öldrunarfræðafélags Íslands, Fagdeilda í öldrunarhjúkrun og geðhjúkrun innan Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Fagdeildar félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu. Málþingið tókst mjög vel og mættu tæplega 100 þátttakendur. Dagskrá þingsing má sjá hér að neðan.



Geðheilsa eldri borgara

Málþing haldið 11. apríl 2013, kl. 9:00-14:30 á Hótel Natura

Fundarstjórar :

Þórlaug Sveinsdóttir fyrir hádegi og Erla Kristbjörg Sigurgeirs dóttir eftir hádegi

9:00 - 9:15	Ávarp formanns ÖFFÍ Líneyjar Úlfarsdóttur
9:15 - 9:45	„Læknir, ég er svo einmana” Hrumir aldraðir og geðrænar þarfir. Sigrún Huld Þorgrímsdóttir, geð- og öldrunarhjúkrunarfræðingur
9:45-10:15	Geðræn einkenni fólks á efri árum og þörf fyrir þjónustu. Páalmi V. Jónsson, prófessor og yfirlæknir öldrunarlækninga á LSH
10:15 -10:45	Kaffiveitingar
10:45- 11:15	Erfið samskipti í hjúkrun Vilhelmína P. Einarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri hjá Heimaþjónustu Reykjavíkur
11:15 - 11:45	Sjálfsvanræksla, vanræksla, ofbeldi - eru geðrænir erfiðleikaráhættuþættir? Sigrún Ingvarsdóttir, MA í félagsráðgjöf og deildarstjóri hjá þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.
11:45 - 12:45	Hádegishlé
12:45 - 13:15	Geðheilbrigði: Heilabilun og samskipti - stuðningur við aðstandendur. Steinunn K. Jónsdóttir, formaður Fagdeildar félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu.
13:15 - 13:45	Á hvern hátt mun valdefling og geðrækt breyta hugmyndum eldri borgara um lífið og tilveruna? Elín Ebba Ásmundardóttir, iðjuþjálfari/dósent við Háskólanum á Akureyri og framkvæmdarstjóri Hlutverkaseturs.
13:45 - 14:30	Umræður

Öldrunarfræðafélagi Íslands, Öldrunarráð, Fagdeildir í öldrunarhjúkrun og geðhjúkrun, FÍH og Fagdeildar félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu

Málþingið er öllum opið. Þátttakendur geta skráð sig með því að senda póst til Margrétar Guðmundsdóttir (margret.gudmundsdottir@hrafnist.is) eða við innganginn.

Skráningargjald er kr. 5000,-. Hægt er að greiða fyrirfram með því að millifæra á reikninginn: 0372-13-112206, kennitala: 431281-0589 og í reiðufé við innganginn.

Ársskýrsla Öldrunarráðs Íslands 2012-2013

Yfirlæstingar um nefndinni um málefni aldraðra

Stefna yfirvalda í málefnum eldri borgara hefur í mörg ár verið sú að heildarábyrgð á þjónustu við aldraða verði færð til sveitarfélaga. Áætlað var að sá flutningur yrði fyrst í byrjun 2013 og var skipuð undirbúningsnefnd með fulltrúum frá ýmsum aðilum s.s. ráðuneyti, SÍS, stéttarfélögum, LEB og fulltrúa frá Öldrunarráði Íslands. Fulltrúi ÖÍ er Berglind Magnúsdóttir, varaformaður ÖÍ. Auk undirbúningsnefndar sem gengur undir nafninu „stóra nefndin“ var skipað í Framkvæmdahóp með fulltrúum SÍS og ráðuneyta.

Á þessu ári hefur lítið farið fyrir vinnu nefndarinnar en síðasti fundur var haldinn 25.janúar. Ástæða þess er sú að á fundi Framkvæmdahóps um miðjan febrúar þar sem m.a. var rætt um drög að viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga, kom fram af hálfu fulltrúa sveitarfélaga að ekki væri tímabært að ganga frá slíkri yfirlýsingu fyrir kosningar. Eðlilegra væri að fara yfir endurskoðaða tímaáætlun og taka ítarlegt stöðumati. Hér var sérstaklega vísað til tveggja stórra mála sem eru gerð þjónustusamninga við sjálfseignarstofnanir og hins vegar frágangur lífeyrisskuldbindinga. Í framhaldi af þessu var ákveðið að fresta fundi stóru nefndarinnar um óákveðinn tíma.

Í samræmi við þessar áherslur hafa fulltrúar velferðarráðuneytis fundað með fulltrúum fjármálaráðuneytis um frágang lífeyrisskuldbindinganna í þeim tilgangi að ná fram lausn sem allir aðilar gætu orðið sáttir um. Fyrstu hugmyndir verið kynntar fyrir fulltrúum SÍS og eftir yfirferð á athugasemdum þeirra verða hugmyndirnar kynntar fulltrúum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Þrátt fyrir að hlé á fundum hjá stóru nefndinni hefur verið unnið að frekari útfærslu þeirra verkefna sem hafa verið til umræðu í hinum ýmsu vinnuhópum, einkum greiðslu- og fasteignahópnum, þjónustusamningahópnum og gæða- og eftirlitshópnum. Ennfremur hefur verið unnið að sérstöku þróunarverkefni til að mæla þjónustuþörf aldraðra á vegum þess vinnuhóps.

Stefnt er að því að taka upp þráðinn í stóru nefndinni sem fyrst eftir myndun nýrrar ríkisstjórnar.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra starfar á grundvelli 4. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, en samkvæmt greininni skipar ráðherra fimm manna samstarfsnefnd um málefni aldraðra eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Verkefni samstarfsnefndar um málefni aldraðra eru að vera velferðarráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra, vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra og stjórna Framkvæmdasjóði aldraðra og gera tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum.

Aðalmenn

- Rannveig Guðmundsdóttir, skipuð af velferðarráðherra, formaður
- Ólafur Þór Gunnarsson, skipaður af velferðarráðherra
- Unnar Stefánsson, tiln. af Landssambandi eldri borgara
- Rannveig Einarssdóttir, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Pétur Magnússon, tiln. af Öldrunarráði Íslands

Varamenn

- Sigrún Stefánsdóttir, skipuð af velferðarráðherra
- Ólafur Kr. Valdimarsson, skipaður af velferðarráðherra
- Helgi K. Hjálmsisson, tiln. af Landssambandi eldri borgara
- Aðalsteinn Sigfússon, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Berglind Magnúsdóttir, tiln. af Öldrunarráði Íslands

Ritari

- Bryndís Þorvaldsdóttir, sérfræðingur
- Auk þess starfar Björn Valur Gíslason með nefndinni sem fulltrúi fjárvetinganefndar alþingis.

Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann, u.p.b. 8 fundir á ári.

Fundarefni undanfarið eru t.d.:

- Framkvæmasjóður aldraðra: umræður um fjárhagsstöðu sjóðsins, umsóknarferlið, endurskoðun á lögum sjóðsins og ekki síst yfirferð umsókna og úthlutun úr sjóðnum.
- Heimsóknir á hjúkrunarheimili; aðstæður og aðbúnaður skoðaður, bæði ný og gömul heimili.
- Heimsóknir gesta frá ýmsum stofnunum sem tengjast öldrunarmálum: Landlækni, TR o.fl.
- Aukin áhersla að kynna sér nýjungar og koma með tillögur til ráðherra að fyrra bragði
- Almennar umræður um öldrunarmál og ýmislegt í tengslum við þau í þjóðfélaginu.

Umsagnir um þingmál

Eitt af hlutverkum Öldrunarráðs er að veita umsagnir um þingmál sem eru í farvatninu á Alþingi. Á þessu starfsári bárust ráðinu sex mál til umsagnar, til dæmis frumvarp um lífeyrirrettindi almannatrygginga og félagslegan stuðning, frumvarp um slysatryggingar almannatrygginga og tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu - heilbrigðisstefnu til ársins 2020.

LÖG ÖLDRUNARRÁÐS ÍSLANDS

LÖG ÖLDRUNARRÁÐS ÍSLANDS

Endurskrifuð og breytt á aðalfundi 23. maí 2012

1.gr.

Aðilar sem láta sig málefni aldraðra varða mynda Öldrunarráð Íslands. Heimil þess og varnarþing er í Reykjavík.

2.gr.

Markmið Öldrunarráðs er að bæta lífsgæði og stöðu aldraðra. Tilgangi sínum hyggst ráðið ná með því að :

- a) Stuðla að samræmdri grundvallarstefnu í málefnunum aldraðra og framgangi hennar.
- b) Koma fram fyrir hönd aðila sinna eftir því sem við á.
- c) Standa að ráðstefnum og námskeiðum og beita sér fyrir almennri upplýsinga – og fræðslustarfsemi um málefni aldraðra.
- d) efla rannsóknir varðandi málefni aldraðra með starfsemi sérstaks rannsóknarsjóðs, en um hann gildir sérstök skipulagsskrá.
- e) aðstoða aðila sína við skipulag verkefna og framkvæmd
- f) veita árlega viðurkenningu til einstaklings , stofnunar eða félagasamtaka fyrir framúrskarandi mál, starf eða verkefni í þágu málefnis aldraðra.
- g) annast samskipti við tengda aðila erlendis.

3.gr.

Aðilar að Öldrunarráði Íslands geta orðið :

- 1) Opinberir aðilar og aðrir þeir aðilar sem láta sig málefni aldraðra varða.
- 2) stofnanir sem vinna að öldrunarmálum og
- 3) félög og samtök sem á einhvern hátt snerta málefni aldraðra.

Stjórn Öldrunarráðs Íslands afgreiðir aðildarumsóknir.

4.gr.

Styrktarfélagar geta orðið einstaklingar og félög sem ekki falla undir ákvæði í 3. gr.
Þeir eiga rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétti.

5.gr.

Árgjöld til ráðsins greiða aðilar í einhverjum eftirtalinna flokka:

- a) gjöld er veita rétt til þriggja fulltrúa með atkvæðisrétt á aðalfundi.
- b) gjöld er veita rétt til eins fulltrúa með atkvæðisrétt á aðalfundi.
- c) gjöld styrktarfélaga samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

Aðilar að Öldrunarráði geta sent fleiri á aðalfund en þá sem atkvæðisrétt hafa.

Tillögur um árgjöld ásamt fjárhagsáætlun skal stjórn ráðsins leggja fyrir aðalfund.

Gjalddagi árgjalda er 10.júlí. Aðildarfelög sem skulda árgjöld tveggja ára falla út af aðildaskrá.

6.gr.

Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

7.gr.

Aðalfund skal að jafnaði halda í maí ár hvert og fer hann með æðsta vald Öldruanráðs Íslands.

Rétt til setu á aðalfundi eiga fulltrúar og þeir aðrir sem stjórnin býður, svo sem fyrrverandi stjórnarmenn.

Aðalfund skal boða skriflega með a.m.k. hálfir mánaðar fyrirvara og er hann löglegur sé löglega til hans boðað.

Dagsskrá aðalfundar:

1. Nafnakall fulltrúa með atkvæðisrétt.
2. Lögð fram skýrsla stjórnar og nefnda um starfsemi ráðsins ásamt endurskoðuðum reikningum þess.
3. Skýrsla Rannsóknarsjóðs lögð fram.
4. Lögð fram tillaga stjórnar að fjárhagsáætlun næsta árs og aðildargjöldum.
5. Lagabreytingar.
6. Lagðar fram tillögur/ eða ályktanir er borist hafa.
7. Kosning formanns , annara stjórnarmanna og endurskoðenda.
8. Önnur mál.

8.gr.

Aðalfundur kýs 9 manna stjórn Öldrunarráðs Íslands .

Kjörgengir eru þeir einir sem tilnefndir eru til setu á aðalfundi af aðilum Öldrunarráðs.

Kjörtímbil stjórnarmanna er 3 ár og er formaður kosinn sérstalega. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Endurkosning formanns og stjórnar er heimil í tvö skipti.

Aðalfundur kýs tvo skoðunarmenn reikninga og einn til vara og skulu þeir kosnir til þriggja ára.

9.gr.

Hlutverk stjórnar Öldrunarráðs Íslands er að annast málefni ráðsins milli aðalfunda.

Stjórninni er heimilt að ráða starfsmann.

Skylt er að kveðja til fundar ef 1/3 hluti félagsmanna óskar þess , sbr.5. gr. eða ef 2 stjórnarmenn æskja þess skriflega , enda sé fundarefnini tilgreint.

10.gr.

Öldrunarráð hefur til ráðstöfunar sjóð til eflingar rannsókna í Öldrunarmálum , Rannsóknarsjóð Öldrunarráðs Íslands. Rekstur sjóðsins er á ábyrgð stjórnar Öldrunarráðs sem leggur mat á styrkbeiðnir. Starfsemi sjóðsins er byggð á skipulagsskrá sem samþykkt var á aðalfundi Öldrunarráðs 15. Október 1992 og verður henni einungis breytt á aðalfundi.

11.gr.

Lögum þessum verður einungis breytt á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn fyrir 1. Apríl og skal hún senda þær með fundaboði. Til lagabreytinga þarf samþykkt 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

12.gr

Tillögu um að leggja Öldrunarráð niður er eingöngu hægt að leggja fyrir aðalfund og skal hún berast stjórn fyrir 1. Febrúar. Verði tillagan samþykkt með ¾ hlutum atkvæða á aðalfundi , enda sitji a.m.k. ¾

hlutar atkvæðisbaðra fulltrúa fundinn skal halda aukaaðalfund innan þriggja mánaða til endanlegrar ákvörðunar. Verði samþykkt að leggja Öldrunarráð niður með $\frac{3}{4}$ hlutum atkvæða á aukaaðalfundi, skal fundurinn ákveða hvernig skuli ráðstafa eignum Öldrunarráðs. Þá skal taka sérstaklega ákvörðun um það hver skuli taka að sér rekstur og úthlutun styrkja úr rannsóknarsjóði.

Skipulagsskrá Rannsóknarsjóðs Öldrunarráðs Íslands

1.gr.

Sjóðurinn heitir Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands.

2.gr.

Sjóðurinn er stofnaður á aðalfundi Öldrunarráðs Íslands 27. september 1991 með gjöf frá Líknarsjóði Íslands að fjárhæð kr.822.507,10 átta hundruð tuttugu og tvö þúsund fimm hundruð og sjö krónur og tíu aurar. Auk þess telst til stofnfjár gjöf frá Öldrunarráði Íslands að fjárhæð kr.200.000,- tvö hundruð þúsund krónur. Stofnfé sjóðsins telst vera kr.1.022.507.10-ein milljón tuttugu og tvö þúsund fimm hundruð og sjö krónur og tíu aurar.

3.gr.

Tekjur sjóðsins eru önnur framlög, gjafir og áheit sem honum kunna að berast, vextir auk tekna af fjáröflun, sem stjórn sjóðsins efnir til.

4.gr.

Allar gjafir, framlög og áheit skal færa í sérstaka gjafabók.

5.gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja rannsóknir í öldrunarmálum á Íslandi svo og önnur þau verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður.

Úthlutað er úr sjóðnum 29. október ár hvert, fyrsta sinn 1993. Umsóknarfrestur um styrkveitingar er til 1.júlí ár hvert. Auglýsa skal eftir styrkbeiðnum með tveggja mánaða fyrirvara.

6.gr.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða meðan sjóðurinn stafrar eftir þessari skipulagsskrá, en vexti og aðrar tekjur er sjóðnum kunna að áskotnast má nota samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

7.gr.

Stjórn sjóðsins er stjórn Öldrunarráðs Íslands á hverjum tíma og varsla sjóðseigna í hennar höndum.

8.gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera hið sama og annarra reikninga Öldrunarráðs Íslands og endurskoðendur þeir sömu og annast endurskoðun reikninga Ö.Í.


Stjórn sjóðsins skal halda gerðbók fyrir sjóðinn þar sem bókaðar eru allar kvarðanir sjóðsstjórnar og annað varðandi sjóðinn, þ.á.m. niðurstöður reikninga hans.

9.gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir undir nafni hans með öðrum reikningum Öldrunarráðs Íslands.

Reykjavík , 15 október 1992

Stjórn Öldrunarráðs Íslands



Ældrunarráð Íslands

Hrafnista Laugarási Brúnavegur 13 104 Rvk sími 585-9502

Ársreikningur 2012

Efnisyfirlit

Áritun stjórnar og skoðunarmanna	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreyymisyfirlit	6
Skýringar	7
Efnahagsreikningur Rannsóknarsjóðs Öldrunarráðs Íslands	8


Skýrsla og áritun stjórnar

Markmið Öldrunarráðs Íslands er að bæta lífsaðstöðu aldraða.


Hagnaður varð af rekstri ráðsins á árinu 2012 að fjárhæð 172 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikning. Höfuðstóll ráðsins nam í árslok 4.668 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn Öldrunarráðs Íslands hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2012, ásamt efnahagsreikningi fyrir Rannsóknarsjóð Öldurnarráðs Íslands, og staðfest þá með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.


Reykjavík, 16.maí.13



Pétur Magnússon, formaður



Berglind Magnúsdóttir, varaformaður




Helgi K. Hjálmsdóttir, gjaldkeri


Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaður skoðunarmenn Öldrunarráðs Íslands höfum yfirfarið ársreiknings ráðsins fyrir árið 2012 án athugasemda.

Reykjavík, 16.maí.13



Ásgeir Ingvarsson



Jóhann Árnason

Rekstrarreikningur

	2012	2011
Rekstrartekjur		
Árgjöld.....	609.800	916.100
Vaxtatekjur.....	99.776	79.456
Seðilgjöld.....	7.326	7.250
	<u>716.902</u>	<u>1.002.806</u>
Rekstrargjöld		
Auglýsingar.....	138.824	215.692
Heimasíða.....	65.850	72.805
Banka- og þjónustukostnaður.....	16.265	12.145
Fjármagnstekjuskattur.....	19.955	14.901
Fundir.....	144.000	169.950
Ráðstefna.....	0	668.480
Erlend samskipti.....	0	168.857
Styrkir.....	100.000	0
Annar kostnaður.....	60.017	<u>103.995</u>
	<u>544.911</u>	<u>1.426.825</u>
Hagnaður (tap) ársins	<u>171.991</u>	<u>(424.019)</u>

Efnahagsreikningur 31.12.2012

Eignir

	Skýr.	2012	2011
Ógreidd félagsgjöld.....	2	133.300	148.900
Handbært fé.....	3	5.052.303	4.346.765
Eignir samtals		5.185.603	4.495.665

Eigið fé og skuldir

Höfuðstóll frá fyrra ári.....		4.495.665	4.919.684
Afkoma ársins.....		171.991	(424.019)
Eigið fé samtals		4.667.656	4.495.665

Aðrar skammtímaskuldir.....	4	517.947	0
Skuldir samtals		517.947	0
Eigið fé og skuldir samtals		5.185.603	4.495.665

Sjóðstreymisyfirlit árið 2012

Skýr. 2012

Rekstrarhreyfingar

Hagnaður ársins.....	171.991
Veltufé til rekstrar	171.991
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:	
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....	15.600
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....	517.947
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	533.547
Handbært fé til rekstrar	705.538
Lækkun á handbæru fé	705.538
Handbært fé í ársbyrjun	4.346.765
Handbært fé í lok árs	5.052.303

Skýringar

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

	2012	2011
2. Ógreidd félagsgjöld		
Frá árinu 2010.....	0	31.200
Frá árinu 2011.....	15.600	117.700
Frá árinu 2012.....	<u>117.700</u>	<u>0</u>
	<u>133.300</u>	<u>148.900</u>
3. Handbært fé		
Bankareikningur 117-05-65355.....	131.118	131.118
Bankareikningur 314-26-589.....	1.352.919	621.490
Bankareikningur 314-13-300432.....	<u>3.568.266</u>	<u>3.594.157</u>
	<u>5.052.303</u>	<u>4.346.765</u>
4. Aðrar skammtímaskuldir		
Lagfærðar færslur bankareikninga.....	373.947	0
Vinnudagar í Skálholti.....	<u>144.000</u>	<u>0</u>
	<u>517.947</u>	<u>0</u>

Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands
Efnahagsreikningur 31.12.2012

Eignir

	2012	2011
Handbært fé.....	9.754.413	9.843.169
Eignir samtals	9.754.413	9.843.169

Eigið fé

Höfuðstóll frá fyrra ári.....	9.843.169	10.292.197
Vextir.....	264.054	188.715
Fjármagnstekjuskattur.....	(52.810)	(37.743)
Styrkveitingar.....	(300.000)	(600.000)
Eigið fé samtals	9.754.413	9.843.169

Öldrunarráð Íslands

Fjárhagsáætlun ársins 2013

Áætlun 2013 Ársreikn 2012 Áætlun 2012

REKSTRARTEKJUR:

Árgjöld	916.100	743.100	916.100
Vaxtatekjur	95.000	99.776	75.000
Aðrar tekjur seðilgjöld	7.300	7.326	7.250
	1.018.400	850.202	998.350

REKSTRARGJÖLD:

Auglýsingar	150.000	138.824	220.000
Heimasíða	64.000	63.850	65.000
Banka- og þjónustukostnaður	16.500	16.265	15.000
Fjármagnstekjuskattur	19.000	19.955	15.000
Fundir	150.000	144.000	200.000
Ráðstefnur	100.000	0	200.000
Erlend samskipti	0	0	100.000
Styrkir	100.000	100.000	50.000
Annar kostnaður	100.000	60.017	40.000
	699.500	542.911	905.000

Rekstrarniðurstaða: 318.900 307.291 93.350